

### Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 4. mars 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-19/2014:

#### I

##### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 3. mars sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna alferðar sem hún keypti af Y. Álitsbeiðandi telur m.a. að lýsing Y á gistingunni sem seld var, hafi verið röng, en að auki hafi gístaðstaðan verið óviðunandi. Gerir álitsbeiðandi þá kröfu að fá alferðina endurgreidda.

#### II

##### Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Ágreiningur aðila snýst um alferð sem samkvæmt lýsingu álitsbeiðanda fellur undir lög nr. 80/1994 um alferðir. Fellur ágreiningur aðila því ekki undir þjónustukaupalög, neytendakaupalög né lausafjárkaupalög. Af þessu leiðir að kæruneftndin hefur ekki heimild til þess að gefa álit sitt á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðni. Kæruneftndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér. Kæruneftndin vill hins vegar benda álitsbeiðanda á að skv. 17. gr. laga nr. 80/1994 um alferðir hefur Neytendastofa eftirlit með framkvæmd laganna og getur álitsbeiðandi því beint erindi sínu til hennar.

#### III

##### Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir